

# REGLUGERÐ

## um blóðtöku úr fylfullum hryssum.

### 1. gr.

#### Tilgangur og gildissvið

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar þeirra, það verði gert með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að hrossin geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði.

### 2. gr.

#### Orðskýringar

1. Blóðtaka: Að taka blóð úr hrossum á öðrum grundvelli en sjúkdómsgreiningar.
2. Blóðtökubás: Bás þar sem blóðtaka fer fram.
3. Harðýðgi: Gróf valdbeiting, svo sem barsmiðar, þrengja að blóðrás til heila (hengja), snúa hross niður á eyrum, uppgefa hross til dæmis með bindingum eða gefa þeim rafstuð.
4. Hrossahald: Hvert það fyrirkomulag þar sem hross eru haldin, hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki.
5. Meðferð: Öll umgengni manna við hross, svo sem við föngun og notkun til reiðar, burðar, blóðtöku, dráttar, ræktunar eða annarrar framleiðslu/nýtingar auk aðferða við tamningu og þjálfun.
6. Meðhöndlun: Aðgerð, önnur en læknis- eða skurðaðgerð, þar sem gripið er inn í líkama eða atferli dýra, svo sem með fæðingarhjálp, jármingar eða snyrting.
7. Umsjá: Umönnun, fóðrun og varsla hrossa.
8. Umráðamaður: Eigandi eða annar aðili sem er ábyrgur fyrir umsjá hrossa.

### 3. gr.

#### Sérstakt leyfi Matvælastofnunar

Hrossahald til blóðtöku er einungis heimilt að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar til umráðamanns sbr. 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Áður en stofnunin veitir leyfi skal fara fram úttekt á aðstöðu varðandi blóðtökuna og úttekt á innra eftirliti skv. 5. gr. og viðeigandi kröfum sem gerðar eru í 10. gr. og 18. gr. reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa. Umsókn um leyfi skal send Matvælastofnun eigi síðar en 60 dögum fyrir fyrirhugaða starfsemi.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum er einungis heimil að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar til kaupanda blóðsins sbr. 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og að viðkomandi hrossahald hafi leyfi stofnunarinnar til starfseminnar skv. 1. mgr.

### 4. gr.

#### Opinbert eftirlit

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé framfylgt.

### 5. gr.

#### Virkt innra eftirlit

Virkt innra eftirlit skal vera með eftirfarandi atriðum og gögn þar að lútandi aðgengileg við eftirlit Matvælastofnunar:

- a) Skrár yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ eða starfsstöð skulu vera tiltækar á blóðtökustað.
- b) Allar hryssur skulu vera grunnskráðar í WorldFeng og örmerktar.
- c) Ábyrgðarmaður hrossahaldsins skal vera skráður umráðamaður hryssnanna í WorldFeng.
- d) Skráning á öllum slysum og dauðsföllum sem verða hjá hryssum og folöldum.
- e) Mælingar hjá opinberri rannsóknastofu á blóðrauða og blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári.
- f) Þeir sem að blóðtökunni koma skulu fá skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Tilkynna skal Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdarfar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar).

Árlega skal skila skýrslu til Matvælastofnunar um fjölda blóðtökuhryssna deilt á starfsstöðvar sem og afföll samkvæmt lið d) og mælingum samkvæmt lið e).

#### 6. gr.

##### Þekking og hæfni

Hver sá sem heldur hryssur sem ætlaðar eru til blóðtöku skal hafa aflað sér grunnþekkingu á eðli og þörfum hrossa.

#### 7. gr.

##### Almenn meðferð

Bannað er að beita hross harðýðgi eða annarri illri meðferð.

#### 8. gr.

##### Almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum

- a) Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtöku úr fylfullum hryssum. Umráðamanni er þó heimilt að taka sýni úr hryssum til að ákvarða upphaf blóðtöku með sérstöku nálakerfi eftir tilsögn dýralæknis.
- b) Dýralæknir ber ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.
- c) Dýralæknir skal hafa einn aðstoðarmann við hvern blóðtökubás á meðan blóðtöku stendur.
- d) Dýralæknum er skylt að staðdeyfa stungustaðinn og skrá notkun staðdeyfilyfs í gagnagrunninn Heilsu.
- e) Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.
- f) Blóðtöku skal lokið fyrir 5. október ár hvert.
- g) Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 24 vetra.
- h) Hryssurnar skulu vera án sjáanlegra sjúkdómseinkenna, í góðum holdum (holdastigun 3,5-4,5) og vel hirtar að öllu leyti.
- i) Hver dýralæknir má ekki hafa fleiri en 3 hryssur í blóðtöku samtímis (3 blóðtökubásar).
- j) Ekki skulu vera fleiri en 75 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi sem smalað er hverju sinni og aldrei fleiri en 25 á hvern blóðtökubás.
- k) Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi.
- l) Tryggt skal að hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna.
- m) Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu.

- n) Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.
- o) Ef hryssa slasast eða veikist skal hún meðhöndluð án tafar. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífuð.
- p) Hryssurnar skulu haldnar á góðu beitilandi með aðgangi að góðu vatni og salti.

9. gr.

Ábyrgðarkeðja

Umráðamaður hrossahalds ber ábyrgð á hverju hrossi þar til þau eru komin í sérstakan blóðtökubás. Dýralæknir sem annast blóðtökuna ber ábyrgð á hverju hrossi í blóðtökubás og að vinnubrögð við blóðtöku séu í samræmi við dýravelferðarsjónarmið. Kaupanda sem fær leyfi til blóðtöku skv. 2. mgr. 3. gr. er jafnframt skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að öll framkvæmd hennar sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og annarra stjórnvaldsfyrirmæla velferð hrossanna.

10. gr.

Hvatakerfi

Kaupanda er óheimilt að flokka greiðslur vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Reglugerðin öðlast þegar gildi og skal hún gilda til XX. júní 2025.

12. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þeir sem tilkynntu blóðtöku til Matvælastofnunar fyrir 1. maí 2022 hljóta bráðabirgðaleyfi og eru undanþegnir úttekt til leyfis á því ári.